

Ár 2007, þriðjudaginn 19. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að fella laun umboðsmanns barna að sömu launatöflu og gildir fyrir aðra embættismenn sem kjararáð ákveður laun

I.

Áður en lög nr. 47/2006 um kjararáð tóku gildi voru laun umboðsmanns barna ákveðin af Kjaradómi. Kjararáð hefur nú ákveðið að fella laun hans að sömu launatöflu og gildir fyrir aðra embættismenn sem kjararáð ákveður laun.

II.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2007 skulu mánaðarlaun umboðsmanns barna vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 129, nú 527.764 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.462 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör umboðsmanns barna gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir